

Kennsluáætlun

NETTÆLING

NEMENDAHÓPUR:
12-16 ára

TÍMALENGD:
40 mín - 1 klst.

KENNSLUMARKMIÐ:

- Að vekja nemendur til umhugsunar um mögulegar hættur, sérstaklega hættunni sem stafar af kynferðisafbrotamönnum, þegar þeir nota samskiptatækni á netinu og tengdum miðlum.
- Að fá nemendur til að líta í eigin barm og skoða eigin hegðun í samskiptum sínum við aðra á netinu.
- Að nemendur kynnist ráðum sem aðstoða þá við að tryggja ánægjulega og örugga netnotkun.

KENNSLUPUNKTAR OG KENNSLUEFNI

Þessi kennslustund á að vekja nemendur til umhugsunar um þær hættur á netinu sem tengjast nettælingu (grooming).

Netið og farsímar eru mjög vinsæl samskiptatæki hjá ungu fólki og nýtast þeim vel en þar eru einnig hættur.

Mikilvægt er að kenna ungu fólki að nota tækin rétt og að þekkja hætturnar sem geta tengst notkun þeirra.

VEFSLÓÐIR

Þessi leikna mynd er mjög áhrifarík og sýnir hvernig kynferðisafbrotamenn nýta sér samskiptatæknina til að nálgast fórnarlömb sín. Myndin heitir „Think you know – think again“.

http://www.teachertube.com/view_video.php?viewkey=b6b2b61d6d833be5a18c

Á þessari síðu má finna nokkur myndskreið sem fjalla um kynferðisafbrotamenn á netinu. Í einu myndskreiðinu sjáum við Justin Berry segja frá reynslu sinni en hann lenti í klóm kynferðisafbrotamanna á netinu aðeins 13 ára gamall þar sem hann var meðal annars fenginn til að framkvæma kynferðislegar athafnir fyrir framan vefmyndavél. Hann hefur á síðustu árum barist fyrir öryggi barna á netinu og hefur hann meðal annars borið vitni fyrir FBI og í bandaríska þinginu auk þess sem hann ferðast um heiminn og ræðir um öryggi barna á netinu.

http://www.teachertube.com/search_result.php?search_id=predators

Orð: Kynferðisafbrotamenn, netglæpir, misnotkun, tæling.

UNDIRBÚNINGUR

Nemendur ræði um samskipti sín á netinu, eiga þeir marga netvini?

Gæta þeir fyllsta öryggis – myndu þeir hitta þessa netvini einir?

Hverjir eru kostir og gallar þess að eiga netvin?

Hvað merkir að tæla börn á netinu eða nettæling? Það er þegar kynferðisafbrotamenn nota netið til að kynnast og byggja upp samband við börn á. Þegar þeir eru búnir að byggja upp traust – oft með því að grafa undan trausti barnsins gagnvart foreldrum sínum fara þeir að biðja börnin um að senda sér t.d. myndir af sér. Börn eru beðin um að gera ýmsa hluti fyrir framan vefmyndavélar og myndirnar jafnvel notaðar til að þrýsta á börnin um að ganga lengra og hitta gerandann. „Annars sendi ég skólanum/foreldrum.... myndirnar.“ Mjög mikilvægt er að brýna fyrir börnum að það er ALLTAF hægt að ræða málin og þó að einhver segi „ekki segja frá“ er alltaf hægt að ræða við foreldra/kennara. Leggja áherslu á það við nemendur að þögnin er versti óvinurinn.

VINNUHUGMYNDIR

Horfið á myndskreiðið „Think you know – think again“ og fáðu hópana til að ræða kosti og galla þess að eiga netvini eða stofna til netsambanda.

Hvað hefði Matt getað gert öðruvísi?

(Talað við einhvern, hitt netvininn sinn á fjölfarnari stað, kallað eftir hjálp.)

Hvað geta nemendur gert til að tryggja örugga netnotkun?

Hvað vita nemendur um tælingu á netinu?

ÁBENDINGAR

Mikilvægt að það komi skýrt fram að kynferðisafbrotamenn hafa alltaf verið hluti af samfélaginu og leynast ekki bara á netinu. Netið er bara eitt af þeim tækjum, sem þeir nýta til að nálgast börn.

Ef barn hefur lent í tælingu á netinu getur það haft sambandi við saft@saft.is eða Barnaheill.abending@barnaheill.is. Enn fremur er hægt að snúa sér beint til lögreglunnar. Hjá lögreglu þarf að gefa upp hvenær nettælingin hófst, gefa upp netföng, aðgangsorð o.fl. Foreldrar geta kært fyrir hönd barna sinna. Barnið er svo kallað til skýrslutöku í Barnahúsi eða í Héraðsdómi Reykjavíkur ef barnið býr í Reykjavík. Barnavernd í hverju sveitarfélagi sér um að barni sé skipaður réttargæslumaður sem er viðstaddur skýrslutökuna. Barn sem lent hefur í nettælingu þarf ekki að svara neinum fyrirspurnum um málið né lýsa málsatvikum á öðrum vettvangi en í skýrslutökunni.

